

Lýðræðislufsur eða -lyddur

Ástralski fræðimaðurinn, Paul Collits, hefur skrifað hressandi hugvekju um okkur sem lýðræðisverur. „Tilfinningaskilningur opinberrar stefnumótunar og annarra synda ríkisvaldsins“ (Emoting Our Way to Public Policy, and Other Sins of the State).

Hann segir m.a. á þessa leið:

Einu sinni gildi samningur milli kjörins fulltrúa og kjósenda, þess efnis, að kjósandinn léði fulltrúa vald, þ.e. framseldi sjálfsvald sitt, svo fulltrúinn mætti beita því af ábyrgð í þágu umbjóðandans. Sá samningur virðist rofinn, því báðar forsendur hans, þ.e. skyni gæddur og upplýstur kjósandi og ábyrgðarfullur stjórnmalamaður, eru bak og burt.

Það ber ekki á öðru en að sumir stjórnmalamanna vilji oss illt, oft með skírskotun til hinnar eða þessarar hugmyndafræði. Þeir vilja líka stela auðlindum okkar og meina okkur um að taka ákvarðanir. Þar af leiðandi göngum við rýrð til skógar.

Það horfir jafnvel alvarlegar við, að kjósendur á liðandi stundu eru fákænir, yfirborðskennir og hafa takmarkaðan áhuga á því að setja sig inn í opinbera stefnumótun. Þeir eru „skynlausir“ (rationally ignorant) eins og bandaríski hagfræðingurinn, Anthony Downs (1930-2021) orðaði það.

Kjósendur hafa helst rænu á að skoða eigin nafla og leikföngin sín, en láta hið opinbera fara sínu fram, enda þótt það feli í sér meingjörð gagnvart þeim sjálfum og meðreiðarfólki. Því þeir hafa gefið frá sér hlutdeild í stjórnmalunum. Þeir eru samvöxtur fábjana – sem þó eru nægilega viti bornir til að stafi af þeim hætta – og algerum trúðum, sem skeyta engu um það, sem efst er á baugi, og aflvaka þess.

Kjósendur samtímans hafa þann háttinn á að taka afstöðu til málefna líðandi stundar á grundvelli tilfinningavelgju, þ.e. með hvaða hætti stefnumörkun skírskotar til tilfinninga þeirra. Þeir kasta sér yfir ellegar vísa á bug innantómum orðavaðli og áróðri eins og „umhverfisneyð“, „ást er í ástinni fólgin“, „látum vísindin vísa okkur leið“, „líf blökkumanna skipta máli“, „við erum í sama báti“, „stöðvið dreifinguna“, „fletjum út kúrfuna“, og þess háttar.

Og til að bæta gráu ofan á svart trúir fólk því af einlægni (að minnsta kosti yfirborðslega), að þessi heróp eða vígorð feli í sér merkingarbæran sannleik, grundvallaðan á rannsóknum eða greiningum.

Kenndadrafl í sambandi við stefnumótun er nútíma fyrirbæri. Það er í fullu samræmi við sjálfhverfa, grunnhyggna og siðtöma kynslóð, sem ekkert stjórnmalavit hefur til að

bera, og er haldin þeirri misgá, að tilfinning sé hugsun – eða jafnvel enn verra, tilveran sjálf. Þegar svo er komið, verður hið fáránlega að rétttrúnaði á samri stundu.

Eins og gefur að skilja dregur stefnumótun í stjórnámálum dóm að andlegu atgervi kjósenda. Innantóm vígorð koma í stað eiginlegrar stefnumótunar eins og; „Hrein orka,“ „umhverfisviðgerðir,“ „kolefnisleysi“ og „covid-öryggi.“

Hjörðin lætur viljug að stjórn, lætur sig í engu varða stjórnarhætti á grundvelli rangfærslna og dægurflugna, og hefur þannig greitt götu stjórnunarfaraldra, þar sem tilbúinn vandi er leystur með tilbúnum lausnum, sem kosta skattgreiðendur stórfé. Stjórnvöld og stjórnámálaflokkar iða af ánægju með þessa þróun lýðræðisins.

Hinn nýi lýðræðissáttmáli er þessi: „Við lofum að veita þér þægindi og áhyggjuleysi í lífinu - með hagsældarásýnd - í skiptum fyrir rænulaust afsal sjálfsvaldsins, sem þú felur okkur á vald.“

Enn er af meiru að taka.

https://paulcollits.substack.com/p/emoting-our-way-to-public-policy?utm_source=post-email-title&publication_id=762698&post_id=85077380&isFreemail=true&utm_medium=email